

Mánudaginn 7. febrúar 1938.

Nr. 133/1937. **Réttvísni** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Eiði Jónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Ólögleg meðferð fundins fjár.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í for-
föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Í forsendum héraðsdómsins er tvívegis tekið fram, að ákærði hafi greitt hverjum bátverja, að einum undanteknum, 24 krónur vegna netjafundarins, sem í málinu getur, en upplýst er í prófum málsins, að upphæðin, sem hann galt hverjum þeirra, hafi verið 45 krónur. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eiður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. ágúst 1937.

Mál þetta þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Eiði Jónssyni skipstjóra, til heimilis í Þingholtsstræti 28 hér í bæ, fyrir brot gegn 25. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. febrúar 1902, og hefir, svo kunnugt sé sætt eftirtöldum refsingum:

Þann 17. maí 1934 dæmdur í 70 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri og

þann 14. nóvember sama ár gekkst hann með réttarsætt inn á að greiða 200 krónur í sekt fyrir ölvun á almannafæri og ólöglegt áfengi í vörzlu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 18. september s. l. haust var vélbáturinn Marz með 8 manna áhöfn, þar á meðal ákærðan, sem var formaður á bátnum, á leið austan að Grimsey. Var þá nýafstaðið mikið ofviðri. Var það, eftir því sem næst verður komizt, um 10 sjómíliur austur af Grimsey, sem bátshöfnin fann reknetahnút, eða saman flækt reknut, á reki í sjónum. Hefir bátshöfninni ekki borið saman um, hve mörg reknut hafi verið í netaflækju þessari, né heldur um, hvort netin, tög eða belgir væru merkt.

Ákærði hefir eindregið undir öllum rekstri málsins haldið því fram, að netin hafi verið 14—15 og jafnmargir belgir, en í kabalnum hafi verið merki fyrir 20 net. Hafi hlutir þessir verið með öllu ómerktir. Sumir bátsverjanna hafa borið það, að netin hafi verið 10—15 eða 14—15, og hafi fundurinn verið ómerktur, nema að málningarklessur hafi verið á tveimur belgjanna, en á þeim hafi verið ómögulegt að átta sig. Einn bátverja hefir borið, að netin hafi verið 25 að tölu, en 5—6 þeirra hafi verið mjög illa útlitandi og lítið meira en teinarnir. Belgirnir hafi verið 24, sumir merktir stöfunum S. H., en að öðru leyti hafi fundurinn ekki verið merktur. Á þennan síðastnefnda framburð verður ekki fallizt, þar sem framburðum allra hinna bátsverjanna, sem yfirheyrðir hafa verið, ber í öllum aðalatriðum saman, og verður gengið út frá því, að netin og belgir hafi verið eins og ákærði hefir lýst þeim, og fundurinn ómerktur. Þó að málingar-

klessur, sem ómögulegt var að átta sig á, væru á sumum belgjunum, verður það á engan hátt talið merki.

Netaflækju þessa innbyrti bátshöfnin og greiddi úr henni, og var fundurinn geymdur í bátnum ónotaður, nema að því leyti, að tvö til þrjú net voru lögð nokkrum sinnum, þang- að til komið var til Reykjavíkur, en þá var fundurinn fluttur í land og er þar enn.

Ákærði greiddi hverjum bátsverja, að undanteknum einum, kr. 24.00 vegna netafundar þessa. Hafa þrír bátsverjar borið, að þeir hafi fengið þessa borgun fyrir að vinna að því að greiða úr netunum, og kemur það heim við skýrslu ákærðs, er segist hafa greitt þeim fé þetta fyrir björgunina og hreinsun netanna. Hinsvegar hefir stýrimaðurinn á bátnum borið, að hann hafi spurt ákærða, hvort ekki væri rétt að fara með netin í land og auglýsa þau, en því hafi ákærði neitað og sagt, að bátverjar gætu eins selt sér netin. Hafi það síðan orðið að samkomulagi milli ákærða og bátverja, að hver þeirra fengi kr. 24.00 í sinn hlut fyrir netin og fyrir að greiða úr þeim. Segist stýrimaður hafa litið svo á, að bátverjar ættu netin, fyrst engin merki væru á þeim.

Ákærði var nú við sildveiðar fyrir norðurlandi þar til 28. sept., að hann hélt suður fyrir land. Hin fundnu net auglýsti hann ekki fyrir norðan og gerði ekkert til að fá upplýst, hver væri eigandi þeirra.

Þegar suður kom, stundaði ákærði sildveiðar í Faxaflóa þar til ca. 20. okt. um haustið, en þá að loknum veiðum seldi hann Jóni Sveinssyni, útgerðarmanni hér í bænum, 40 reknet, ásamt tilheyrandi belgjum og teinum, en afhenti honum 51—54 net og sagði, að sögn Jóns, að um afganginn skyldu þeir tala síðar, og kveðst Jón hafa spurt ákærða að, hvort nokkrar kvaðir væru á netunum, en hann hafi neitað, að væri, en sagzt selja netin svo lágu verði, sem hann gerði, vegna þess að sér lægi á peningum.

Ákærði hefir hinsvegar haldið því fram, að svo hafi verið um talað milli sín og Jóns, að Jón geymdi hin fundnu net og keypti þau síðan, ef enginn gæfi sig fram sem eiganda þeirra. Þessi skýrsla Jóns Sveinssonar, og svo hitt, að ákærði hefir greitt bátshöfn sinni það fé í tilefni af netafundinum, að það væri algerlega óeðlileg þóknun fyrir vinnu við að greiða úr flækjunni, heldur virðist hún bera með sér, að

ákærði hafi skilið þetta svo, sem hann fengi með þessu í sínar hendur tilkall bátshafnar til netanna.

Ákærði gerði nú ekkert til að auglýsa netin né finna eiganda þeirra fyrr en þann 10. nóv., að hann auglýsir fundinn í tveimur dagblöðum hér í bænum. En áður en hann gerði það, hafði Friðrik Guðjónsson, útgerðarmaður á Siglufirði, talað við hann og gert tilkall til fundarins. Það verður því að telja af eðli hinna fundnu hluta og atferli ákærða eftir að þeir fundust og að hann auglýsir þá ekki fyrr en búíð var að gera tilkall til þeirra við hann, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði 249. greinar hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, en eftir öllum atvikum þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð laga nr. 39 1907 haldin.

Um eignarrétt að hinum fundnu netum er það að segja, að Friðrik Guðjónsson hefir að áliti tveggja dómkvaddra skoðunar- og matsmanna ekki getað fært fram sannanir eða nægilega sterkar líkur fyrir því, að hann sé eigandi þeirra. Hinsvegar hafa þrír bátverjar af bát þeim, er týndi netum Friðriks, þar á meðal formaðurinn og stýrimaðurinn, borið, að þeim virðist þau vera eins og hin týndu net, nema að það vanti í þau. Verður rétturinn að byggja á nefndu áliti matsmanna og hafna kröfu Friðriks um, að honum verði tildæmdur eignarréttur að hinum fundnu reknetum ásamt meðfylgjandi útbúnaði.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 75.00.

Rekstur þessa máls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Eiður Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð laga nr. 39 16. nóvember 1907 haldin.

Kröfu Friðriks Guðjónssonar um að fá tildæmdan eignarrétt að hinum umrædda fundi er hafnað.

Ákærði greiði af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 75.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1938.

Nr. 145/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Guðna Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot á tollögum og ákvæðum um gjaldeyri og innflutning.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Síðan atvik þau gerðust, sem kærða í máli þessu er gefin sök á, hafa verið sett lög nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit. Eigi verður ætlað, að þau leiddu kærða til hagfelldari niðurstöðu en lög þau, sem í gildi voru þá, og koma hin nýju lög þegar af þessari ástæðu ekki til greina um dómsniðurstöðu í máli þessu.

Kærði er borinn þeirri sök, að hann hafi brotið þágildandi gjaldeyrisákvæði með því að taka með sér til útlanda þann 23. ág. f. á. og hafa varið þar til kaupa á vörum þeim, er í máli þessu segir, 300 króna virði í erlendum gjaldeyri, og með því að nota í sömu ferð með sama hætti 250 krónur af 300 króna inn eign sinni í dönskum banka. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1935 hafa Landsbankinn og Útvegsbanki Íslands „einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri“. Og setur ráðherra nánari fyrirmæli um gjald-